

Miklu munar í ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða

Jón Þórisson

jonth@mbl.is

Miklar sveiflur á mörkuðum, styrking krónu og óhagstæð verðþróun hlutabréfa réðu miklu um ávöxtun lífeyrissjóða á síðasta ári.

Umtalsverður munur er á hreinni raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2016. Af upplýsingum úr ársreikningum þeirra sést að Lífsverk ber nokkuð af í þessum samanburði. Hrein raunávöxtun sjóðsins nam



Jón L. Árnason

2,6% á síðasta ári. Næstur á eftir er Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar með 2,3% í raunávöxtun. Í þriðja sæti er A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með 2%. Nokkru neðar er svo Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands með 1,4% og í fimmta sæti Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar með 1,3%.


Meðaltalsávöxtun nær engin

Pegar lítið er á þá sjóði sem lakar hefur gengið að ávaxta fé sjóðsfélaga rekur FÍA eftirlaunasjóður lestina með 1,9% neikvæða hreina raunávöxtun. Sæti ofar er Birta með 1,5% neikvæða ávöxtun og þriðja lakasta ávöxtunin er hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Rétt er að fram komi að Lífeyrissjóður bænda og Lífeyrissjóður Rangæinga hafa enn ekki birt ársreikninga á heimasíðu sinni.

Meðaltalsávöxtun án tillits til stærðar sjóðanna er 0,1%.

„Umhverfi lífeyrissjóðanna var erfitt á síðasta ári eins og sést af þessum tölum,“ segir Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri Lífsverks. „Erlendar fjárfestingar draga ávöxtunina niður hjá flestum vegna styrkingar krónunnar. Við, eins og flestir sjóðir, horfum til þess að auka við er-

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða 2016



lendar eignir til lengri tíma. En við höfum ekki farið geyst í þeim efnum og það hefur hjálpað okkur.“

Hann segir hlutabréf hafa skilað jákvæðri ávöxtun á síðasta ári. „Einnig náðum við mjög góðum árangri af hlutabréfasafninu okkar. Þrátt fyrir að úrvalsvísitalan hafi lækkað á árinu náðum við ágætri ávöxtun á innlendum hlutabréfamárkæði. Síðan hafa samkomulagsbætur áhrif á þessa niðurstöðu okkar, en um þær var samið í tengslum við málaferli við tryggingafélagið VÍS og fjallað hefur verið um í fjölmörgum.“

Eins og kunnugt er þá er miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu í starfsemi lífeyrissjóða. Enginn sjóðanna í þessum samanburði náði þeirri ávöxtun á síðasta ári.

„Þetta hefur áhrif til lækkunar á síðasta ári og auðvitað þurfa menn að ná þessu viðmiði til að halda í við ávöxtunarkröfuna. Sé horft til langs tíma hefur raunávöxtun sjóðanna verið um 3,5%. Auðvitað koma rýr ár inn á milli, eins og gengur. Síðustu fimm ár hefur verið mjög góð ávöxtun hjá okkur, eða 5,4% hrein raunávöxtun að meðaltali.“

Athygli vekur að ekki virðist sam-

band milli stærðar sjóða og þess árangurs sem þeir ná í ávöxtun á síðasta ári.

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar og þær sýna að ekkert samband er á milli ávöxtunar og stærðar sjóða. Jafnvel má færa rök fyrir því að minni sjóðir séu betur í stakk búnir til að bregðast við aðstæðum á markaði en þeir stóru.“

Dregur úr sjóðsfélagalánum

Mikill vöxtur hefur verið í sjóðsfélagalánum lífeyrissjóðanna að undanfögnu og er sá eignaflokkur orðinn umtalsverður hluti eigna sjóðanna.

„Sjóðsfélagalán hjá okkur hafa verið mjög góður eignaflokkur. Hann hefur stækkað nokkuð undanfarið og hefur haft jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Lífsverk er sér á báti með að sjóðsfélagar okkar eru yfirleitt með góðar tekjur og vanskil eru fátið. Þetta var sá eignaflokkur í hruninu sem best kom út. Þegar ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkar eins og nú hefur gerst hafa þessi lán tekið við að einhverju leyti.

Við sjáum þó fyrir okkur að eitt-hvað muni draga úr þessum þætti á næstu misserum.“